

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Áhættufé félagsins er:

1. Frá ríkissjóði	kr.	12 950 000
2. Frá útgerðarmönnum og öðrum	—	18 942 000
3. Frá eftirtöldum váttryggingarfélögum:		
Tryggingastofnun ríkisins	kr.	952 000
Brunabótafélagi Íslands	—	952 000
Sjóvátryggingarfélagi	—	952 000
		2 856 000
4. Frá öðrum váttryggingarfélögum, sbr. 5. gr.		
Samvinnutryggingum g. t.	kr.	208 000
Almennum Tryggingum hf.	—	181 000
Tryggingamiðstöðinni hf.	—	164 000
Tryggingu hf.	—	139 000
		692 000
		Samtals kr. 35 440 000

Að fengnu samþykki ráðherra má með einróma samþykki allrar félagsstjórnarinnar auka framlagt áhættufé með útgáfu jöfnunarskírteina skv. 8. gr. Aukning áhættufjár með þessum hætti telst ekki arður eða til skattskyldra tekna við álagningu tekjuskatts eða útsvars.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Nú semur innlent váttryggingarfélag, sem ekki á áhættufé í félaginu, svo um að tryggja hjá félaginu minnst 1/10 hluta af þeim endurtryggingum sínum, sem samrýmast endurtryggingarstarfsemi félagsins, og getur stjórn Endurtryggingarinnar þá samið þannig við slíkt félag, að það leggi fram áhættufé til jafns við önnur félög, er það hafa gert skv. þessari heimild, sbr. 3. gr. 4. tölulið. Nýtur það áhættufé þá sömu réttinda og ber sömu skyldur og eldra áhættufé, sbr. þó 11. gr.

3. gr.

3. og 4. mgr. 9. gr. orðist svo:

Tryggingarfélag þau, sem áhættufé eiga í félaginu, sbr. 3. gr. tölul. 3 og 4, tilnefna einn aðalmann og einn til vara. Verði þau ekki sammála, tilnefnir ríkisstjórnin mennina úr hópi þeirra, sem tryggingarfélögin hafa stungið upp á.

Eigendur áhættufjár þess, er um getur í 3. gr. 2. tölulið, tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara. Farist tilnefning af þeirra hálfu fyrir, tilnefnir ríkisstjórnin mennina.

Fyrirsögn II. kafla verði:

4. gr.

Um stríðsslysatryggingar.

5. gr.

15. gr. orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið, að skylt sé að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum. Vátryggingarskylda hvílir á útgerðarmanni skipsins og má ekki færa þeim, sem vátryggðir eru, iðgjöldin til útgjalda. Gildir það jafnt, þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

6. gr.

21. gr. falli niður.

7. gr.

23. gr. orðist svo:

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða eftir reglum sem ráðherra setur nema um annað semjast í kjarasamningum útgerðarmanna og sjómanna.

8. gr.

24. gr. falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977 og ber þá stjórn Íslenskrar endurtryggingar að gefa út skirteini skv. 8. gr. til eigenda áhættufjár fyrir þeirri aukningu, sem fólgin er í 1. gr., enda nýtur hún arðs frá þeim tíma. Þessi aukning áhættufjár er undanþegin tekjuskatti og útsvari.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 59. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálm við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálm.